Fornleifar á Sólmundarhöfða, Akranesi



Adolf Friðriksson

FS1108-26251
Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík 2026

Verknúmer MÍ: **3628**

Kápumynd: Árnahús BO-056:012.02 (t.v.), grjótgarður BO-056:012.05, hlaða og gripahús (t.h.)
Mynd tekin úr suðri, ljósm. Adolf Friðriksson, 2026.

© Fornleifastofnun Íslands 2026
Bræðraborgarstíg 9
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
Vefur: www.fornleif.is

Samantekt

Að ósk Akraneskaupstaðar var gerð fornleifaskráning á Sólmundarhöfða. Fyrirhugað er að reisa ný mannvirki í krikanum sunnan við dvalarheimilið Höfða og austan við fjölbýlishús sem stendur við Sólmundarhöfða 7. Á höfðanum hafa staðið allmörg býli. a.m.k. frá 19. öld og m.a. á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Við undirbúning úttektar voru heimildir um eldri byggð athugaðar, eldri skráningargögn skoðuð og lagfærð og loks gerð vettvangskönnun í júlí 2026.

- Á Sólmundarhöfða er kunnugt um 40 fornleifar í heild.
- Á áhrifasvæði framkvæmda er kunnugt um 13 fornleifar.
- Á fyrirhuguðum byggingarreit er kunnugt um 9 fornleifar og eru þær í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.
- Á reitnum stendur Árnahús og þar eru leifar torfbæja Sólmundarhöfða III og IV, ásamt garðlögum, túnum og kálgörðum.

Efnisorð: Deiliskráning, Akranes, Sólmundarhöfði

Summary

At the request of the Municipality of Akranes, a detailed archaeological survey was conducted at Sólmundarhöfði. Construction of new structures is planned in the corner south of the Höfði nursing home and east of an apartment building located at Sólmundarhöfði 7. In preparation for the assessment, records of older settlements were examined, older registration data was reviewed and corrected, and finally, a field survey was conducted in July 2026.

Keywords: Detailed archaeological survey, Akranes, Sólmundarhöfði

Efnisyfirlit

Samantekt **3**

Summary **3**

Efnisyfirlit **4**

Inngangur **5**

Um fornleifaskráningu **7**

Aðferðir 9

Niðurstöður **11**

Fornleifar á fyrirhuguðum byggingareit 13

Fornleifar á áhrifasvæði framkvæmda 16

Fornleifar nærri framkvæmdasvæði 17

Niðurlag **18**

Fornleifaskrá **19**

Heimildaskrá **32**

Viðauki

Inngangur

Að ósk Akraneskaupstaðar var gerð fornleifaskráning á Sólmundarhöfða í júlí 2026. Fyrirhugað er að reisa ný mannvirki innarlega á höfðanum. Fyrirhugaður byggingareitur er um 990 m2, og áhrifasvæðið sem tekið var út er alls um 6000 m2 (Mynd 1).

Athugaðar voru helstu heimildir um byggðasögu svæðisins og fyrirliggjandi aðalskráning fornleifa uppfærð. Við aðalskráningu vegna aðalskipulags voru skráðar 16 fornleifar árið 1999. Við vettvangsathuganir var áhrifasvæði framkvæmda gengið skipulega og leitað áður óþekktra minja. Allar þekktar fornleifar voru hnitsettar og mældar upp með nákvæmum hætti, ástand og afdrif þeirra athuguð eftir atvikum og tímabundið hættumat gert vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Alls eru nú þekktar 40 fornleifar.

Í þessari skýrslu er fyrst fjallað um fornleifar á fyrirhuguðum byggingarreit, síðan minjar á áhrifasvæði framkvæmda og loks þær sem eru þar nærri og hluti af menningarsögulegu samhengi staðarins í heild. Í viðauka er heildarskrá yfir þekktar fornleifar á svæðinu.



Mynd 1. Fyrirhugað framkvæmdasvæði á Sólmundarhöfða, Akranesi. Blái reiturinn sýnir áhrifasvæði framkvæmda en hvíti reiturinn markar framkvæmdasvæði.
(Grunnmynd: © Loftmyndir ehf 2025).

Um fornleifaskráningu

Fornleifaskráning snýst um að afla upplýsinga um staðsetningu minjastaða, greina þá eftir tegundum, og kanna ástand þeirra og afdrif. Þessháttar kortlagning er sú leið sem stjórnvöld hafa valið til að stuðla að markvissari ákvörðunum varðandi fyrirhugaða landnotkun og framkvæmdir.

Allt frá miðri 19. öld hefur margvísleg fornleifaskráning verið unnin hér á landi, en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags. Voru það, einkum staðir sem á einn eða annan hátt vörðuðu fornsögur, landnám og þjóðveldistímann. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980. Á þessum tíma hafa orðið miklar breytingar á hvað telst til fornleifa og hvað ekki. Torfbyggingar sem þóttu hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um minjar frá öllum skeiðum sögunnar og stuðla að verndun þessa menningararfs fyrir komandi kynslóðir.

Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun (aðaskráning eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með löggjöfinni.

Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir,ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,


i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar. Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum. Þ.a.l. getur vönduð fornleifaskráning dregið fram heildarsvip bústaða og landnotkunar, ásamt menningarsögulegu samhengi þeirra í nærumhverfinu, s.s. álagablettum, vöðum og reiðleiðum. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef hrófla þarf við fornleifum þarf að óska eftir sérstöku leyfi Minjastofnunar og sker hún um hvort þessháttar heimild verði veitt og með hvaða skilyrðum.

Aðferðir

Athuganir og kortlagning minjastaða á Íslandi á vegum Fornleifastofnunar Íslands eru skráð í gagnagrunninn Ísleif. Í því kerfi er landinu skipt upp í svæði, sem jafnan eru jarðir, eða afréttir og önnur óbyggð svæði. Í gegnum tíðina hafa jarðir skipst og sameinast og landamerki breyst. Kerfið byggist þ.a.l. á almennri viðmiðun um hinar ýmsu landfræðilegur einingar (jarðir, hreppar, sóknir) sem er fest í tíma, þ.e. 1847. Á því ári var gefin út rækileg skrá (Jarðatal Johnsens) og er hún lögð til grundvallar. Hver sýsla hefur skammstafað heiti (ÁR, BO o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-162:001). Á hverjum minjastað eru ein eða fleiri fornleifar og bætist númer fyrir hverja og eina aftan við (dæmi: BO-162:001:01). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir sögu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á búskaparaðstæðum, staðháttum og náttúrufari. Þar á eftir kemur listi yfir alla minjastaði sem fundust innan hverrar jarðar.
Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingarnar: Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti staðar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjarnar eru, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað var um samkvæmt rituðum eða munlegum heimildum en er horfið, eða staður þar sem ekki hefur verið mannvirki en hefur menningarsögulega merkingu (s.s. álagablettur, reiðleið eða vað). Allir minjastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra (s.s. bústaður, legstaður, vatnsból) er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar finnist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hana á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en

síðan er staðsetningu hans lýst og staðhættir. Loks er lýsing á minjunum sjálfum ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) mikil hætta. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt í mikilli hættu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Mynd 2. Tún og garðar (grænt) á Sólmundarhöfða í byrjun 20. aldar og afstaða þeirra til byggingarreits (hvítt) og áhrifasvæðis (gult). (Grunnmynd: © Loftmyndir ehf 2025).

Niðurstöður

Engar fornleifarannsóknir með uppgrefti hafa verið gerðar á Sólmundarhöfða og þar hafa engir forngripir fundist í jörðu svo kunnugt sé. Aðalskráning fornleifa var unnin fyrir Akraneskaupstað 1997[1]. Voru minjar á höfðanum þá kortlagðar og tekið ítarlegt viðtal við staðkunnugan heimildamann, Þórð Árnason (1926-2013) frá Sólmundarhöfða. Þórður var fæddur og uppalinn í Árnahúsi og leiðsögn hans um svæðið við fornleifaskráningu 1997 var ómetanleg. Byggist þessi könnun á eldri skráningargögnum og heimildavinnu.

Upphaf búsetu á reitnum, og reyndar Sólmundarhöfða í heild sinni er óþekkt. Höfðinn, með ágætu túnstæði og nærliggjandi lendingum hefur verið ákjósanlegur, svo sem sjá má af því að þar risu sex býli í seinni tíð. Engar fornleifar hafa fundist til þessa sem gætu gefið vísbendingu um forna byggð. Sögulegar heimildir um staðinn ná hinsvegar ekki lengra aftur en til 1700 og tilheyrði landið þá Görðum. Bæjaþorpið á Höfða er um 750 m SSV við höfuðbólið á Görðum. Á höfðanum mun hafa verið stekkur (BO-056:009.01) frá Görðum. Staðsetning hans og afdrif eru óþekkt. Þar á stekkjarstæðinu var búið í skamman tíma en minjar um þá búsetu (009.02) eru jafnframt óþekktar. Þær kunna að leynast undir sverði, innan byggingareits eða utan.

Ekki eru heimildir um fasta byggð á Höfðanum fyrr en 1872, en þá var reistur bær á Sólmundarhöfða I (BB II, 397). Að sögn heimildamanns (Þórðar Árnasonar frá Sólmundarhöfða III) byggðust Sólmundarhöfði III og IV eftir 1886. Hafa það verið torfbæir og líklegt að þeir hafi staðið nærri þar sem timburhús þessara býla risu síðar.

Rétt er að geta að nöfn og númer á bæjum og lóðum á Sólmundarhöfða hafa tekið breytingum í gegnum tíðina auk þess sem þau hafa skolast til. Hér verður miðað við upprunaleg númer eins og þau birtust í fasteignamati 1916-1918 og Fasteignabók 1922 sem jafnframt samræmdist frásögn heimildamann. Í meðfylgjandi töflu má sjá hinar mismunandi merkingar:


[1] Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1999). Akranes. Fornleifaskrá. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Númer skv. heimildamanni	Fasteigna-mat 1916-18	Túna-kort 1920	Fasteigna-bók 1922	Lóð nr.	Önnur heiti	Númer minjastaða
Sólmundarhöfði I	a	I	I		Ellertshús, Jóhönnuhús, o.fl.	BO-056:010
Sólmundarhöfði II	b	V	II	1		BO-056:014
Sólmundarhöfði III	c	III	III	2	Árnahús	BO-056:012
Sólmundarhöfði IV	d	IV	IV	2	Snjáfríðar-hús	BO-056:013
Sólmundarhöfði V	e	II	V	3	Arahús	BO-056:011
Sólmundarhöfði VI	f	VI	VI		Brúar-sporður	BO-056:016

Í dag er númer 1 notað yfir lóð undir spennistöð norðan við dvalarheimilið sem er sjálft á lóð númer 5 og fjölbýlishús hefur risið á lóð nr 7 sem er sjávarmegin við dvalarheimilið. Nr 3 (Arahús) tilheyrir nú Höfðagrund.

Fornleifar á fyrirhuguðum byggingareit

Gert er ráð fyrir að ný mannvirki rísi í krikanum austan við fjölbýlishúsið að Sólmundarhöfða 7, sunnan við Dvalarheimilið Höfða og vestan Höfðagrundar. Þar stendur Árnahús auk hlöðu og gripahúss frá miðri 20. öld.



Mynd 3. Dreifing minja. Byggingareiturinn er táknaður með hvítum lit, Brúin er með bláum lit, garðlög með brúnum. (Grunnmynd: © Loftmyndir ehf 2025).

Engin ummerki eru sjáanleg um torfbæinn (BO-056:012.01) á Sólmundarhöfða III, en líklegt er að leifar hans sé að finna nærri timburhúsinu sem reist var 1905 og stendur enn, áðurnefndu Árnahúsi (012.02). Í kring er slétt tún (012.03).



Mynd 4. Árnahús, BO-056:012, séð frá austri.


Á Sólmundarhöfða IV var byggt lítið hús úr timbri 1904 og kallaðist Snjáfríðarhús. Bæði torfbærinn (BO-056:013.01) og timburhúsið (013.02) hafa staðið u.þ.b. þar sem síðar risu hlaða og gripahús (1951-52) og standa þar enn, innan reits. Þar stóðu og fjárhús úr torfi (013.03), a.m.k. til 1916, en staðsetning þeirra er óþekkt. Landið sem tilheyrði Sólmundarhöfða IV var örmjótt og nýtt sem kálgarður (013.04) ásamt garðlagi (013.05) austanmegin sem nú er horfið. Var það samsíða landi Sólmundarhöfða III og grjóthlaðinn garður (012.05) á milli sem enn stendur.



Mynd 5. Hlaða og gripahús frá því um miðja 20. öld standa á gamla bæjarstæði Sólmundarhöfða IV, BO-056:013 (Snjáfríðarhús), úr austri.



Mynd 6. Grjótgarður BO-056:012.05 við Sólmundarhöfða III, séð úr NA.



Mynd 7. Fornleifar á áhrifasvæði. Byggingareiturinn er táknaður með hvítum lit, áhrifasvbæði með gulum. Brúin er með gráum lit, garðlög með brúnum. (Grunnmynd: © Loftmyndir ehf 2025).

Fornleifar á áhrifasvæði framkvæmda

Í undirbúningsgögnum er dreginn reitur sem er stærri en byggingarreiturinn og markar áhrifasvæði framkvæmda á Sólmundarhöfða. Framkvæmdasvæðið nær norður að Dvalarheilmilinu Höfða. Á grasflötinni sunnan við heimilið stóð húsið Fagurhóll. Þar var smiðja og um tíma búið í því húsi (BO-056:029.01), sem hefur verið sléttað út.

Um 25 m SA við Árnahús hafa staðið mannvirki og eru óljós ummerki (BO-056:012.06) um þau í túninu. Í kringum tún (012.03) og garða (012.04) eru hlaðnir grjótgarðar (012.05) sem hafa varðveist að hluta. Brú (BO-056:024.01) var rudd þvert yfir höfðann vegna grjótnáms 1876. Lá hún þvert yfir framkvæmdasvæði að norðanverðu við

byggingareit, en ummerki um hana eru horfin. Á uppdrætti er Brúin sýnd og var teiknuð eftir loftmynd frá 1942.



Mynd 8. Fornleifar á Sólmundarhöfða. Framkvæmdareitur (hvítur), áhrifasvæði (gult), garðlög (brún), gata (grá) og fornleifar (Grunnmynd: © Loftmyndir ehf 2025).


Fornleifar nærri framkvæmdasvæði

Fyrirhugaður byggingarreitur er innan þeirrar menningarsögulegu heildar sem Sólmundarhöfði myndaði, þ.e. þyrping sex býla á höfðanum sem voru í byggð um stutt skeið á 19.-20. öld. Á áhrifasvæði framkvæmdanna eru, auk þeirra minja sem nefndar hafa verið, fleiri minjastaðir sem flestir hafa vikið, a.m.k. að hluta til, fyrir ýmsum framkvæmdum á s.hl. 20. aldar. Verður nú vikið að þeim.

Yst á höfðanum eru minjar Sólmundarhöfða I. Óvíst er hvar upphaflegi torfbærinn (BO-056:010.01) á Sólmundarhöfða I stóð, en síðasti bærinn (010.02) og útihús (010.03) hafa verið fjarlægð. Bæjarstæðið, tún (010.4) og garðar (010.05) þar eru í hættu af völdum ágangs sjávar. Við vettvangskönnun 2026 kom í ljós að minjar (BO-056:015) eru í rofi á bakkanum á nokkrum stöðum.

Elsti bærinn á Sólmundarhöfða II (1872) stóð um 20 m ofan við suðurströnd höfðans, upp af Sólmundarhöfðavör (BO-056:031). Engar minjar eru sýnilegar um torfbæinn (BO-056:014.01). Þegar timburhús var reist 1899 var bærinn færður um 30 m til norðurs, á hæsta staðinn á höfðanum. Timburhúsið (BO-056:032.01) ásamt fjósi (014.02), hesthúsi (014.03) og fjárhúsi (014.04) eru horfin og yngstu húsin voru fjarlægð 2001.

Við suðausturmörk framkvæmdasvæðis stóð Sólmundarhöfði V, Arahús (BO-056:011.01), byggt 1905. Það var fjarlægt 2001 og byggð þar hús sem standa við Höfðagrund. Fremur ólíklegt er að torfbæjarleifar séu nærri Arahúsi, því forveri þess var torfbær nefndur Hallsteinsbær (BO-056:033.01) og stóð hann enn fjær reitnum, eða um 30 m SA við Arahús. Sólmundarhöfði VI, öðru nafni Brúarsporður, var torfbær (BO-056:016.01), en stóð enn lengra til austurs og fjærst framkvæmdareitnum. Þar hafa risið hús við Höfðagrund.



Mynd 9. Mögulegar leifar menningarlandslags á Sólmundarhöfða. Grænu skástrikuðu svæðin sýna legu garða frá 20. öld sem enn sjást, innan áhrifasvæðis og utan (Grunnmynd: © Loftmyndir ehf 2025).

Niðurlag

Á Sólmundarhöfða voru leifar lítillar þyrpingar býla frá 19.-20. öld en einnig eru heimildir um eldri minjar á svæðinu. Byggðin þar er dæmi um byggðaþróun á Akranesi fyrr á öldum, þar sem hjáleigur eða önnur afbýli voru frá Görðum eða Heimaskaga, og ristu gjarnan við ströndina, þar sem lending var góð. Hluti þessara minja hefur horfið vegna framkvæmda eða í sjávarrofi.

Alls eru 13 þekktar fornleifar á áhrifasvæði framkvæmda, eru níu þeirra eru innan fyrirhugaðs byggingarreits. Þær tilheyra tveimur býlum, Sólmundarhöfða III og IV:

Sólmundarhöfði III:

Torfbærinn (BO-056:012.01) sem sést ekki lengur til á yfirborði.

Árnahús (012.02) byggt 1905, sem enn stendur en er í lélegu ástandi.

Tún (BO-056:012.03) og leifar af grjótgarði (BO-056:012.05) sem enn stendur að hluta.

Sólmundarhöfði IV:

Leifar torfbæjar (BO-056:013.01) sem ekki sjást á yfirborði.

Snjáfríðarhús (BO-056:013.02) sem hefur verið fjarlægt.

Fjárhús (BO-056:013.03) úr torfi, sem sést ekki til á yfirborði.

Kálgarður (BO-056:013.04), sem er orðinn að túni og garðlag (BO-056:013.05) sem er horfið.

Auk þessara minja gætu fornminjar leynst á reitnum, m.a. stekkur (BO-056:009.01) og búsetuminjar (009.02) á stekkjarstæðinu sem eru þekktar úr heimildum en ekki er vitað hvar voru og aðrar óþekktar minjar.

Fornleifaskrá

BO-056 Garðar

Jarðardýrleiki óviss 1706. Kirkjustaður og Beneficium. 1847 leigist hún á 20 hndr. Hjáleigur: Suðurhjáleiga, Norðurhjáleiga, Jaðar og Presthús. Einnig var byggð á Sólmundarhöfða í eitt ár um aldamótin 1700, en annars er það stekkjarstæði bæjarins,

og byggðist síðan aftur 1872. Einnig var bærinn Garðasel byggður upp úr selstöðu bæjarins í lok 18. aldar og hélst í byggð til 1914. Garðar í eyði síðan 1932. Nýbýli úr jörðinni eru Klapparholt, í byggð 1957-1986, og Steinsstaðir í byggð frá 1953.

Hér fylgja þeir staðir úr fornleifaskrá Garða sem varða Sólmundarhöfða.

BO-056:009 *Sólmundarhöfði* — stekkur

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (IV, 83) segir um stekkjarstæði í landi Garða (1706): "Solmundarhöfde er stekkjarstæði staðarins. Það hefur staðarhaldarinn nú fyrir 7 eður 8 árum um eitt ár ljeð nauðstöddum fátæklingi. ... Bygðin varaði fram á vor ..."

Sólmundarhöfði er breiður vallgróinn höfði og er lending fyrir neðan hann að austan.

BO-056:009.01 *Sólmundarhöfði* — heimild — stekkur A: 352454, N: 427053

Ekki er vitað hvar stekkurinn var. Hnit var tekið u.þ.b. á miðjum höfðanum, á lóðamörkum Sólmundarhöfða II og III.

Almennt hættumat: hætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: hætta

BO-056:009.02 — heimild — bæjarstæði A: 352454, N: 427053

Staðsetning stekkjar og leifar bústaðar eru óþekktar.

Almennt hættumat: hætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: hætta

Heimildir: JÁM IV, 83.

BO-056:010 *Sólmundarhöfði I*

Á Sólmundarhöfða hefur verið búið, a.m.k. frá öndverðri 18. öld, en ekki er kunnugt um hvort þar hafi verið búið áður. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (IV, 83) segir um stekkjarstæði í landi Garða (1705): "Solmundarhöfde er stekkjarstæði staðarins. Það hefur staðarhaldarinn nú fyrir 7 eður 8 árum um eitt ár ljeð nauðstöddum fátæklingi. ... Bygðin varaði fram á vor ..."
"Fyrst var byggt á Sólmundarhöfða rétt fyrir 1700 ... en byggðin hélst tæpt ár. Aftur mun Sólmundarhöfði hafa byggst 1872, og var þar á tímabili margbýlt eða 6 býli, þegar flest var, og leigjendur að auki", segir í Byggðum Borgarfjarðar (II, 397). Sólmundarhöfði I stóð á bakkanum ofan við vörina (031), um 30 m V við Sólmundarhöfða II (nú 1).

Bæjarstæðið er um 750 m SSV frá Görðum, á háum sjávarbakka, í grónu landi sem notað er til útivistar.

Guðmundur Magnússon frá Kjalarnesi reisti bæ árið 1872 og var búið á staðnum til 1940. Bærinn gekk undir ýmsum nöfnum, m.a. "Ellertshús" og "Jóhönnuhús" eftir ábúendum hverju sinni.

BO-056:010.01 *Sólmundarhöfði I* — bæjarstæði — býli A: 352382, N: 427040

Við fornleifaskráningu 1997 sáust steyptar undirstöður húss, 4,5x3 m að utanmáli. Kjallarinn var niðurgrafinn, en torfhleðslur eru upp að honum að utan. Staðnum var raskað síðan og ummerki óljós. Líklega hefur undirstöðunum verið ýtt út. Í fjörunni neðan við eru steypubrot.

Almennt hættumat: stórhætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:010.02 *Sólmundarhöfði I* — heimild — bæjarstæði

Timburhús á Sólmundarhöfða stóð á NV brún Höfðans. Húsin voru fjarlægð um miðja 20. öld.

Almennt hættumat: stórhætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:010.03 — heimild — útihús A: 352392, N: 427032

Samkvæmt túnakorti (1920) stóð útihús um 10 m suðvestan við bæ (010.01).

Almennt hættumat: stórhætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:010.04 — heimild — tún A:352403, N: 427060

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var tún Sólmundarhöfða I meðfram höfðanum að vestanverðu og suður á Sólmundarhöfðatána, en talsvert hefur brotið af því.

Svæðið er enn gróið og nýtt til útivistar, hlaðnir túngarðar eru horfnir.

Almennt hættumat: stórhætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:010.05 — heimild — kálgarður A: 352382, N: 427033

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður austan og sunnan við bæ, 997 m2 að stærð.

Minjar um kálgarðinn og girðingar kringum hann eru horfnar. Syðsti hluti garðstæðis er horfinn í sjávarrofi.

Almennt hættumat: stórhætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:010.06 — heimild — garðlag A: 352391, N: 427007

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var girðing kringum kálgarð og tún. Minjar um þær eru að öllum líkindum horfnar í rofi eða vegna rasks.

Almennt hættumat: stórhætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; BB II, 397; Ásmundur Ólafsson, Örnefni við Akranes. Á Akranesi. Þættir um sögu og mannlíf, s. 206.; Túnakort 1920; BB II, 397.

BO-056:011 *Arahús (Sólmundarhöfði V)*

"Fyrst var byggt á Sólmundarhöfða rétt fyrir 1700 ... en byggðin hélst tæpt ár. Aftur mun Sólmundarhöfði hafa byggst 1872, og var þar á tímabili margbýlt eða 6 býli, þegar flest var, og leigjendur að auki" segir í Byggðum Borgarfjarðar (BB II, 397). Fimmti bærinn á Sólmundarhöfða var fyrst torfbær (sbr. 033), kallaður Hallsteinsbær en 1905 var hann fluttur til NV og þar byggt lítið timburhús sem síðan hefur kallast Arahús. Það er um 30 m SA við Sólmundarhöfða III og IV.

Arahús stóð á breiðum vallgrónum höfða, þar sem risið hefur íbúabyggð.

BO-056:011.01 *Arahús (Sólmundarhöfði V)* — bæjarstæði A: 352540, N: 427075

Á túnakorti frá 1920 er bærinn sýndur standa við norðvesturhorn túnsins og mun það vera staðurinn þar sem Arahús reis 1905. Þegar fornleifaskráning var gerð 1997 stóðu 3 hús fast sunnan við þann stað, en þau voru rifin 2001 og árið 2003 risu þar ný hús og standa við Höfðagrund 14c-d. Á túnakorti er þetta býli kallað "Sólmundarhöfði II" og "Sólmundarhöfði E" í fasteignamati 1918.

Ummerki eru horfin undir götu, en óvíst er hvort mannvistarleifar leynist undir yfirborðinu.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:011.02 — heimild — tún A: 352577, N: 427058

Tún var um 25 m austan við Arahús, í horni kálgarðs.

Samkvæmt túnakorti var túnið 176 m2 að stærð. Tún og garðlög eru horfin undir Höfðagrund.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:011.03 — heimild — kálgarður A: 352521, N: 427042

Samkvæmt túnakorti var kálgarður austan og sunnan við Aarahús, 2137 m2 að stærð.

Garðurinn er horfinn undir byggingar á Höfðagrund.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:011.04 — heimild — túngarður A: 352521, N: 427029

Samkvæmt túnakorti voru tún kringum Aarahús. Garðlög eru horfin undir byggð og suðurbrún horfin vegna sjávarrofs.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; BB II, 397; Fasteignamat 1916–1918, nr. 40e.; Túnakort 1920;BB II, 397.

BO-056:012 *Árnahús (Sólmundarhöfði III)* — býli

"Fyrst var byggt á Sólmundarhöfða rétt fyrir 1700 ... en bygðin hélst tæpt ár. Aftur mun Sólmundarhöfði hafa byggst 1872, og var þar á tímabili margbýlt eða 6 býli, þegar flest var, og leigjendur að auki." (BB II, 397). Þriðja býlið á Sólmundarhöfða var byggt eftir 1886 og stóð mun innar á höfðanum en hin tvö fyrri.

Bærinn stóð á breiðum vallgrónum höfða, þar sem nú er tún og útivistarsvæði.

BO-056:012.01 *Sólmundarhöfði III* — bæjarstæði — býli A: 352490, N: 427081

Torfbærinn sem reis á Sólmundarhöfða III 1886 er horfinn af yfirborði. Nákvæm staðsetning er óþekkt. Er líklegt að hann hafi staðið á sama stað eða mjög nærri Árnahúsi.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-056:012.02 *Árnahús* — heimild — bæjarstæði A: 352482, N: 427078

Árni Sigurðsson byggði timburhús á Sólmundarhöfða árið 1905.

Í fasteignamati 1916 er það sagt vera ein hæð, með kjallara, anddyri og skúr við gafl. Húsið er sagt 5,6 x 5 m að stærð, en hefur verið lengt síðar, því það stendur enn (2026) og er 8,7m að lengd og 5 m breitt. Húsið er hrörlegt og hefur ekki verið íbúðarhæft í áratugi.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-056:012.03 — heimild — tún A: 352474, N: 427069

Tún Sólmundarhöfða náði svotil þversum yfir höfðann, norðan túns og garða við Sólmundarhöfða II.

Túnið var 4271 m2 samkvæmt túnakorti 1920. Það er mishæðótt og gætu þar verið mannvirkjaleifar á fleiri en einum stað. S við húsið er rabbabaragarður í því miðju. Lóðin er nú ámóta stór og á túnakorti, en hefur verið sameinuð Sólmundarhöfða IV og saman heitir þetta nú Sólmundarhöfði 2.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-056:012.04 — heimild — kálgarður A: 352487, N: 427042

Samkvæmt túnakorti (1920) voru kálgarðar í SA-horni túnsins og meðfram NV-hlið.

Voru garðarnir 997 m2 árið 1920. Þeir eru nú orðnir að grónu túni og nýtist sem útivistarsvæði.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-056:012.05 — garðlag — túngarður A: 352517, N: 427079

Á túnakorti fyrir Sólmundarhöfða III frá 1920 er sýnt umfang túns og kálgarða. Túnið lá þvert yfir höfðann, norðan við tún Sólmundarhöfða II en sunnan og samhliða við garða Sólmundarhöfða IV.

Grjótgirðingar hafa verið í kringum allt túnið og sjást enn að hluta. Meðfram austurhlið túnsins er 17 m langur, 1 m breiður og 1,2 m hár grjóthlaðinn garður. Annar garður, 28 m langur er fyrir norðurhlið, frá lóðamörkum við Sólmundarhöfða V (nú 3) og að húsinu sem var Sólmundarhöfði 4. 10 m vestan við það hús byrjar garðurinn á ný og nær 46 m til vesturs, að heimreiðinni að Sólmundarhöfða I og II (nú 1). Garðurinn er einna hæstur á þessum kafla, eða 1,5 m og víðast er hann mun hærri að utan en innan. Hluti garðsins austan megin fór undir húsbyggingar við Höfðagrund 2002 og vesturhliðin 2007.
Að sögn heimildamanns voru grjótgarðar miklu víðar á höfðanum og var það eitt af skylduverkum þeirra sem leigðu hér spildur af Garðapresti að halda þeim við.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-056:012.06 — þúst A: 352494, N: 427054

Í túninu, um 25 m SSA frá Árnahúsi (Sólmundarhöfði III) eru þústir sem svipar til tófta.

Þústirnar eru mjög ógreinilegar og óvíst að um fornleifar sé að ræða. Enga skýra lögun er hægt að finna. Á loftmynd frá 1956 (Li-0468) virðist sem lítil bygging gæti hafa staðið á þessum stað, um 8-4m, og snúið VNV-ASA. Eins er mögulegt að torfbærinn 012.01 hafi staðið á þessum stað upphaflega.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1920; BB II, 397; Fasteignamat 1916-1918; Loftmynd: 1956 (Li-0468).

BO-056:012.07 — heimild — kálgarður A: 352434, N: 427075

Samkvæmt túnakorti (1920) voru kálgarðar í SA-horni túnsins og meðfram NV-hlið.

Voru garðarnir 997 m2 árið 1920. Þeir eru nú orðnir að grónu túni og nýtist sem útivistarsvæði.

BO-056:013 *Snjáfríðarhús (Sólmundarhöfði IV)* — býli A: 352509, N: 427090

"Fyrst var byggt á Sólmundarhöfða rétt fyrir 1700 ... en bygðin hélst tæpt ár. Aftur mun Sólmundarhöfði hafa byggst 1872, og var þar á tímabili margbýlt eða 6 býli, þegar flest var, og leigjendur að auki." Fjórði bærinn á Sólmundarhöfða mun hafa verið reistur um svipað leyti og sá þriðji, eftir 1886. Lóðin var mjó, aflöng rönd sem lá samsíða meðfram túni Sólmundarhöfða III að norðanverðu. Bærinn stóð u.þ.b. á miðri lóðinni, skammt norðan við bæinn á Sólmundarhöfða III.

Bærinn stóð á breiðum vallgrónum höfða, sem breytt hefur verið í útivistarsvæði.

BO-056:013.01 *Sólmundarhöfði IV* — bæjarstæði — býli A: 352509, N: 427090

Fyrsti bústaðurinn að Sólmundarhöfða IV var torfbær, reistur eftir 1886, og forveri timburhúss sem reis 1904 (sjá 013.02).

Engin ummerki sjást um torfbæ, en líklegt að hann hafi staðið nærri þeim stað sem hús hafa verið síðan, þ.e. á miðri lóð Sólmundarhöfða IV.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-056:013.02 *Snjáfríðarhús* — heimild — bústaður A: 352509, N: 427090

Íveruhús úr timbri og með kjallara, kallað Snjáfríðarhús stóð á Sólmundarhöfða IV er fasteignamat fór fram 1918. Var það reist 1904, væntanlega nærri þar sem torfbærinn 013.01 hafði staðið.

Búið var í Snjáfríðarhúsi til 1931 en síðan hefur lóðin verið sameinuð Sólmundarhöfða III og kölluð Sólmundarhöfði 2. Samkvæmt fasteignamati var húsið úr timbri, járnklætt, með einni hæð og kjallara. Hefur það verið afar lítið, um 5,6 m langt og 2,8 m breitt. Við húsið stóð lítill kofi, um 1,9x1,2m. Á bæjarstæði Sólmundarhöfða standa hús sem ekki falla að þessum stærðum. Hefur Snjáfríðarhús verið rifið eða því breytt í útihús. Á þessum stað er nú lítið járnklætt timburhús, á steyptum sökkli, eins og hjallur í laginu (háir veggir m.v. þakhalla) en heimildamaður kallar það hlöðu. Tveir skúrar hafa verið byggðir við það að norðan en þar laus frá var síðan þriðji skúrinn, pappaklæddur, alveg við veginn. Sá síðastnefndi var rifinn 2012.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-056:013.03 — heimild — fjárhús

Samkvæmt fasteignamati 1916-18 stóðu fjárhús við Snjáfríðarhús 013.02 en ekki kemur fram hvar þau stóðu.

"fjárhús úr torfi fyrir 12 kindur", segir í fasteignamati (1916–1918, 162). Torfhúsið er horfið, en kann að hafa staðið við hliðina á bænum.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-056:013.04 — heimild — kálgarður A: 352478, N: 427106

Samkvæmt túnakorti (1920) var kálgarður beggja vegna bæjarins. Lá hann samsíða túngarði Sólmundarhöfða III, 920 m2.

Kálgarðurinn er orðinn að túni, sunnan megin við hann er hlaðinn grjótgarður sem tilheyrir Sólmundarhöfða III (sbr. 012.03).

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-056:013.05 — heimild — garðlag A: 352496, N: 427100

Samkvæmt túnakorti (1920) voru garðlög hringinn í kringum kálgarð 013.04. Garðlagið sunnan megin er sameiginlegt með Árnahúsi, en nyrðri hliðin hefur verið fjarlægð og staðurinn gerður að túni.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1920; BB II, 397; Fasteignamat 1916-1918; Túnakort 1920;BB II, 397.

BO-056:014 *Sólmundarhöfði II* — býli A: 352402, N: 427023

"Fyrst var byggt á Sólmundarhöfða rétt fyrir 1700 ... en byggðin hélst tæpt ár. Aftur mun Sólmundarhöfði hafa byggst 1872, og var þar á tímabili margbýlt eða 6 býli, þegar flest var, og leigjendur að auki," segir í Byggðum Borgarfjarðar (BB II, 397). Annað býlið á Sólmundarhöfða var reist suðaustan á höfðanum og var þá torfbær (sbr. 032) en 1899 var byggt lítið timburhús mun vestar, nær Sólmundarhöfða I og stóð þar til það var rifið 2001.

Bæjarstæðið er á vallgrónum, breiðum höfða, sem er notaður til útivistar.

BO-056:014.01 *Sólmundarhöfði II* — bæjarstæði — býli A: 352402, N: 427023

Bærinn á Sólmundarhöfða II stóð hæst á höfðanum, beint upp af Sólmundarhöfðavör.

Bærinn var færður (sbr 032) um 20-30 m til NV og árið 1899 var byggt lítið timburhús, sem stóð til 2001. Við það hafði verið byggt og byggingin öll forsköluð en miðhlutinn mun hafa verið elstur. Húsið stóð hæst af bæjunum á Sólmundarhöfða og gæti þar verið lítill bæjarhóll. Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að kamar hafi staðið við húsið. (Býlið var kallað til skamms tíma Sólmundarhöfði 1. Á túnakorti er það kallað Sólmundarhöfði V.) Líklegt er að minjar leynist enn á staðnum.

Almennt hættumat: hætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:014.02 — heimild — fjós

Samkvæmt fasteignamati (1916-18) stóð fjós hjá Sólmundarhöfða II, væntanlega við bæinn eða á bæjarhlaði. Nákvæmari upplýsingar um staðsetningu skortir.

Engar minjar um fjósið eru sýnilegar og hafa þær verið jafnaðar út.

Almennt hættumat: hætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:014.03 — heimild — hesthús

Samkvæmt fasteignamati (1916-18) stóð hesthús hjá Sólmundarhöfða II, væntanlega við bæjarhlaðið. Nákvæmari upplýsingar um staðsetningu skortir.

Engar minjar um hesthúsið eru sýnilegar og hafa þær verið jafnaðar út.

Almennt hættumat: hætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:014.04 — heimild — fjárhús

Samkvæmt fasteignamati (1916-18) stóð fjárhús hjá Sólmundarhöfða II. Nákvæmari upplýsingar um staðsetningu skortir.

Engar minjar um fjárhúsið eru sýnilegar og hafa þær verið jafnaðar út.

Almennt hættumat: hætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:014.05 — garðlag — túngarður A: 352458, N: 427013

Samkvæmt túnakorti (1920), var túnið 4558 m2 að stærð og náði frá túni Sólmundarhöfða III, meðfram suðurströnd höfðans til vesturs og upp að túni Sólmundarhöfða I.

Túninu hefur verið breytt í útivistarsvæði, gróið, með göngustígum.

Almennt hættumat: hætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:014.06 — heimild — kálgarður A: 352444, N: 427034

Samkvæmt túnakorti (1920) voru kálgarðar 2263 m2 og náðu að austanverðu frá túni Sólmundarhöfða III til vesturs að bænum, norðan túns.

Kálgarðarnir eru orðnir að grasi grónu útivistarsvæði.

Almennt hættumat: hætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:014.07 — heimild — tún A: 352458, N: 427013

Samkvæmt túnakorti (1920), var túnið 4558 m2 að stærð og náði frá túni Sólmundarhöfða III, meðfram suðurströnd höfðans til vesturs og upp að túni Sólmundarhöfða I.

Túninu hefur verið breytt í útivistarsvæði, gróið, með göngustígum.

Heimildir: Túnakort 1920; BB II, 397; Fasteignamat 1916-1918.; Túnakort 1920; BB II, 397.

BO-056:015 fornleifar í sjávarbakka A: 352420, N: 427031

Fornleifar sjást í rofi, yst á Sólmundarhöfða. Talsvert landbrot er á vestanverðum höfðanum.

BO-056:015.01 hleðsla, óþekkt hlutverk A: 352420, N: 427031

Fyrir u.þ.b. miðri Sólmundarhöfðatá má sjá hleðslugrjót, skeljar og fiskibein í rofsári, um 40 sm neðan við gróið yfirborð. Engin ummerki um mannvirki eða öskuhaug er að sjá á yfirborði. Þessar minjar eru í stórhættu.



Rof í sjávarbakka (BO-056:015.01).

Almennt hættumat: stórhætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:016 *Brúarsporður (Sólmundarhöfði VI)* A: 352599, N: 427036

"Fyrst var byggt á Sólmundarhöfða rétt fyrir 1700 ... en bygðin hélst tæpt ár. Aftur mun Sólmundarhöfði hafa byggst 1872, og var þar á tímabili margbýlt eða 6 býli, þegar flest var, og leigjendur að auki," segir í Byggðum Borgarfjarðar (BB II, 397). Sjötta og síðasta býlið á Sólmundarhöfða var reist 1895 og var búið þar til 1940. Stóð það austast í bæjaþyrpingunni. Þessi staður er nálægt suðurhorni lóðarinnar Höfðagrund 11, um 15 m frá sjávarbakkanum.

Íbúðahverfi hefur risið þar sem bærinn stóð.

BO-056:016.01 *Brúarsporður* — bæjarstæði A: 352599, N: 427036

Minjar um Brúarsporð eru horfnar en leifar bæjarins gætu leynst undir yfirborðinu. Túnakort frá 1920 sýnir að bærinn hefur staðið vestast í túninu, sunnan brautarinnar (024) sem rudd var, og líklega um 30-40 austan við Hallsteinsbæ (033). Í fasteignamati 1916-1918 kemur fram að Brúarsporður hafi verið torfbær: baðstofa, frambær og fénaðarhús fyrir 10 kindur. Á loftmynd frá 1942 (GX-12516-050) sér votta fyrir húsum á bæjarstæðinu, en þau hafa verið rifin nokkrum árum síðar og sjást ekki á yngri loftmyndum.

Almennt hættumat: hætta vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; BB II, 397; Fasteignamat 1916-1918; Loftljósmynd GX-12516-050, LMÍ.; Túnakort 1920; BB II, 397.

BO-056:024 *Brú*

"Vestan við Sólmundarhöfða var tekið grjót í gamla húsið og dregið eftir Brú, sem var rudd gegnum þýfið og flóann. Sér enn fyrir henni að kafla." Ö-Garðar, 4.

Brúað hafði verið yfir mýrar og móa. Nú er landið albyggt og slétt tún.

BO-056:024.01 *Brú* — heimild — samgöngubót A: 352615, N: 427076

Grjótið hefur verið dregið frá Langasandskrika, þvert fyrir Sólmundarhöfða og þaðan til Garða því síðast mun hafa sést fyrir brúnni við hornið á Höfðagrund 11. Sá staður er lítið eitt norðaustan við þar sem býlið Brúarsporður var.

Nafnið Brúarsporður gæti bent til að þar hafi brúin frá Langasandskrika endað. Það er þó ólíklegt því ætla má að torfærunar hafi fyrst byrjað ofan við höfðann, í mýrunum milli hans og Garðatúns. Hinn möguleikinn er að brúin hafi byrjað á þessum stað og að ekki hafi þurft að gera neina samgöngubót frá Langasandskrika þar sem greiðfært er fyrir höfðann og er það líklegast.

Almennt hættumat: hætta vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Garðar, 4.

BO-056:028 *Lindin* — vatnsból

"Áður en vatnsveita kom til sögunnar sóttu íbúar Sólmundarhöfða neysluvatn sitt löngum í Lindina, sem var uppspretta þar sem norðurveggur dvalarheimilisins er nú." segir í örnefnalýsingu.

BO-056:028.01 — heimild — vatnsból A: 352521, N: 427239

Lindin er nú horfin undir dvalarheimilsvegginn en hefur verið um 150 m frá Sólmundarhöfða III og IV en um 250 m frá Sólmundarhöfða I og II.

Almennt hættumat: hætta vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Ásmundur Ólafsson: "Nú er bjart um Skipaskaga- skín á nes og vör", 9.

BO-056:029 *Fagurhóll* — smiðja

"Þá var Smiðja Sveins í Hlíð, Eiríkssonar á svokölluðum Fagurhól, um það bil þar sem litli golfvöllurinn við dvalarheimilið er nú, en Sveinn mun á tímabili hafa búið í Smiðjunni." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður er um 50 m norðan við Sólmundarhöfða III (Árnahús) í krika sem myndast af L-laga dvalarheimilinu.

Þar sem Fagurhóll stóð er sléttuð grasflöt.

BO-056:029.01 *Fagurhóll* — heimild — smiðja A: 352493, N: 427131

Leifar smiðjunnar hafa líklega horfið að mestu eða öllu leyti við byggingu dvalarheimilisins og lóðarfrágang þar í kring.

Almennt hættumat: hætta vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Ásmundur Ólafsson: "Nú er bjart um Skipaskaga- skín á nes og vör", 9.

BO-056:030 — útihús

Um 15 m SV af Sólmundarhöfða I (010) var útihús skv. túnakorti frá 1920. Stóð það 30 m V af Sólmundarhöfða II (014).

BO-056:030.01 — heimild — fjárhús A: 352390, N: 427068

Í fasteignamati (AA/2–1, Borgarfjarðarsýsla, undirmat I 1916–1918) er nefnt fjárhús á lóð Sólmundarhöfða I. Minjar um húsið gætu leynst á sjávarbakkanum. Mögulega hafa þær horfið við landbrot.

Almennt hættumat: hætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Fasteignamat, AA/2–1, Borgarfjarðarsýsla, undirmat I 1916–1918; Túnakort 1920; Túnakort 1920.

BO-056:031 *Sólmundarhöfðavör*

Vörin er utan við höfðann þar sem hann gengur lengst út í sjó, beint niður undan býlinu Sólmundarhöfða I (010) og er þar um 14 m breið malarfjara sem stórgrýti hefur verið rutt úr og upp undir grasbakkann, 20 m ofar.

Lendingin er í lítilli vík, sem er klettalaus, í annars stórgrýttu fjörumáli.

BO-056:031.01 heimild — lending A: 352363, N: 426982

Lendingin þótti ekki góð en var sú eina í Garðalandi austan við Skipaskaga. Bátar voru dregnir upp á bakkann með spili en allbratt er úr fjörunni upp á höfðann. Það var hluti af kvöðum þeirra sem leigðu lóðir af Garðapresti á Sólmundarhöfða að ryðja fjöruna. Síðast var róið frá þessari vör 1978.

Almennt hættumat: hætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:032 *Sólmundarhöfði II*

Torfbærinn sem reis á Sólmundarhöfða II skömmu eftir 1872, stóð um 20 m norðan við syðri strönd höfðans. Er timburhús var reist 1899, var bærinn fluttur um 30 m til norðausturs og stóð þar uns húsin voru fjarlægð á seinni hl. 20. aldar. Bærinn stóð sunnanvert við túngarð sem lá NV-SA fyrir utan Sólmundarhöfða II, um þveran höfðann.

Bæjarstæðið er í túni, sem er notað sem útivistarsvæði á höfðanum.

BO-056:032.01 *Sólmundarhöfði II* — heimild — bústaður A: 352419, N: 426995

Engar minjar eru sýnilegar um torfbæinn.

Almennt hættumat: hætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-056:033 *Hallsteinsbær*

Sólmundarhöfði V var byggður 1905 og kallast Arahús en torfbærinn sem fyrstur var reistur á þessari lóð stóð um 30 m SA við húsið, þar sem nú er slétt flöt, og kallaðist þá Hallsteinsbær. Þessi staður er um 20 m ofan við sjávarbakka eins og hann er nú.

Á vallgrónum höfða, nú slétt grasflöt.

Bær þessi hefur verið byggður um 1890, a.m.k. eftir 1886.

BO-056:033.01 *Hallsteinsbær* — frásögn — býli A: 352567, N: 427046

Bærinn stóð um 20 m ofan við sjávarbakka eins og hann er nú. Hefur hann verið byggður um 1890, a.m.k. eftir 1886.

Almennt hættumat: hætta, vegna vegna sjávarrofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Landmælingar Íslands, Akranesi:

Loftmyndasafn: GX-12516-50, Li-0468

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar, Reykjavík:

Örnefnaskrá Garða

Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík:

Fasteignamat, AA/2–1, Borgarfjarðarsýsla, undirmat I 1916–1918

Túnakort Sólmundarhöfða I-VI, Innri-Akraneshreppi, 1920.

Prentaðar heimildir

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson: Akranes. Fornleifaskrá, Fornleifastofnun Íslands 1999, FS066-97052 Reykjavík.

Ásmundur Ólafsson, Örnefni við Akranes. Á Akranesi. Þættir um sögu og mannlíf. Akranesi 2016.

BB: Byggðir Borgarfjarðar I-II., án útgst., Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1989.

Fasteignabók. Stjórnarráð Íslands. Reykjavík, 1922.

Gunnlaugur Haraldsson (2011) Saga Akraness, I-II. Akranes, Uppheimar.

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, IV, Kh., Hið íslenzka fræðafélag, 1913.

J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn 1847.

Viðauki

Að kröfu Minjastofnunar Íslands ber að birta viðkomandi túnakort. Hér fylgja túnakort Sólmundarhöfða III og IV. Bent skal á að túnakort á Sólmundarhöfða og merkingar á þeim eru misvísandi og æskilegt að fara fremur eftir aðalefni skýrslunnar. Jafnframt krefst MÍ staðfestingar á hvort Sólmundarhöfða í Íslensku fornbréfasafni: Sólmundarhöfða er ekki getið þar, enda byggðin langtum yngri en efni fornbréfasafnsins.

